

Umsögn dómnefndar

samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla
um umsækjendur um setningu í embætti dómara við Landsrétt
sem auglýst var laust til umsóknar í Lögbirtingablaði 14. júní 2024

Reykjavík, 10. september 2024

EFNISYFIRLIT

1. Umsækjendur	3
2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á	3
3. Um málsmeðferð dómnefndar	6
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur	7
5. Mat á umsækjendum	13
5.1 <i>Almenn starfshæfni og andlegt atgervi</i>	13
5.2 <i>Menntun og framhaldsmenntun</i>	14
5.1.1 <i>Menntun og framhaldsmenntun – samanburður</i>	15
5.3 <i>Reynsla af dómstörfum</i>	15
5.3.1 <i>Reynsla af dómstörfum – samanburður</i>	16
5.4 <i>Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum</i>	16
5.4.1 <i>Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður</i>	18
5.5 <i>Reynsla af stjórnarsýslustörfum</i>	18
5.5.1 <i>Reynsla af stjórnarsýslustörfum – samanburður</i>	21
5.6 <i>Reynsla af fræðistörfum o.fl.</i>	22
5.6.1 <i>Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf</i>	22
5.6.1.1 <i>Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður</i>	23
5.6.2 <i>Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.</i>	23
5.6.2.1 <i>Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður</i>	24
5.7 <i>Reynsla af stjórnun</i>	25
5.7.1 <i>Reynsla af stjórnun – samanburður</i>	26
5.8 <i>Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.</i>	26
5.8.1 <i>Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður</i>	28
5.9 <i>Sérstök starfshæfni</i>	28
5.9.1 <i>Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu</i>	29

<i>5.9.2 Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi.....</i>	29
6. Færni umsækjenda til að semja dóma	29
7. Niðurstaða dómnefndar	38

1. Umsækjendur

Með bréfi 2. júlí 2024 fór dómsmálaráðuneytið þess á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um setningu í embætti dómara við Landsrétt sem auglýst var laust til umsóknar 14. júní 2024 í Lögbirtingablaði.

Eftirtaldir sóttu um embættið: Arnaldur Hjartarson héraðsdómari, Daði Kristjánsson héraðsdómari, Eiríkur Elís Þorláksson dósent, Eyvindur G. Gunnarsson prófessor og Hlynur Jónsson héraðsdómari.

Samkvæmt 3. gr. reglna um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættisins sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómsmála er sú að umsækjendur uppfylli allir þau skilyrði.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Landsréttur er áfrýjunardómstóll og eini dómstóllinn á millidómstigi í dómstólaskipan landsins. Dómstóllinn var settur á stofn með lögum nr. 50/2016 og lögum sem sett voru samhliða þeim. Með þessari löggjöf voru gerðar umtalsverðar breytingar á íslenskri dómstólaskipan og tók Landsréttur að stórum hluta við því hlutverki Hæstaréttar að kveða upp endanlega dóma í meginþorra dómsmála. Af þeim sökum er brýnt að vanda til vals á dómurum réttarins auk þess sem hlutverk hans leiðir af sér kröfu um að það val sé eins trúverðugt og framast er kostur.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Samkvæmt lögnum skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Þágildandi lögum nr. 15/1998 um dómstóla var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemdum við þá málsgrein síðargreindu laganna, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir meðal annars svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa,

fræðistarfa eða innan stjórnarsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf dómnefndar. Dómsmálaráðherra hefur sett reglur nr. 970/2020 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti en þær komu í stað eldri reglna um sama efni, nr. 620/2010. Í 4. gr. hinna nýju reglna er á sama hátt og í 4. gr. þeirra eldri fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á. Þar segir meðal annars: „Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi [...]. Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnarsýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám [...]. Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi [...]. Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt

með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti [...]. Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi [...]. Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 45/2010, um breytingu á lögum nr. 15/1998, er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (sjá nú lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna) og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Enn fremur er þar minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara skuli byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi.

Dómnéfnnd hefur áður fjallað um í umsögnum sínum hvaða merkingu beri að leggja í þau ummæli 4. gr. reglna nr. 970/2020 „að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu“ og tekið fram að þetta matsviðmið sé ekki einfalt í meðförum. Einnig að fjölbreytt starfsreynsla umsækjanda geti aukið lögfræðilega þekkingu hans, en slíkt sé þó ekki endilega raunin. Sú ályktun hefur verið dregin af athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 45/2010 að megináhersla sé þar lögð á lögfræðilega þekkingu umsækjandans. Með fjölbreyttri starfsreynslu sé átt við fjölbreytileika starfa sem umsækjendur hafa sinnt en ekki síður hve verkefni sem þeir hafa fengist við séu fjölbreytileg í þeim skilningi að þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá skiptir lögfræðileg þekking umsækjanda ekki máli, ein og sér, þegar mat er lagt á hæfni hans til að gegna embætti dómara í

samanburði við aðra umsækjendur, heldur er einnig nauðsynlegt, eftir því sem tók eru á, að meta færni hans til að nýta þá þekkingu við úrlausn dómsmála.

Við heildarmat á hæfni umsækjanda er samkvæmt framansögðu litið til þeirra matsþátta sem eru til þess fallnir að hafa forspárgildi um hæfni umsækjanda til að gegna starfi landsréttardómara og vægi einstakra matsþátta ræðst einkum af því hversu forspárgildið er mikið.

Af dómsúrlausnum umsækjanda og eftir atvikum stefnum, greinargerðum og stjórnsluúrskurðum er unnt að draga ályktanir um hversu vel hann þekkir til réttarreglna, þar með talið réttarfarsreglna svo og hæfni hans við að beita þeim lögum og öðrum réttarheimildum sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandi á með að reifa málsatvik og greina ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði. Það hversu vel umsækjandi hefur tileinkað sér þessi atriði má ætla að hafi mikið forspárgildi við mat á hæfni hans til að semja drög að atkvæðum í Landsrétti sem er mikilvægasta verkefni dómara réttarins.

3. Um málsmeðferð dómnefndar

Við meðferð máls þessa hafa Ása Ólafsdóttir, formaður og Kristín Benediktsdóttir vikið sæti í dómnefndinni. Sigurður Tómas Magnússon, varamaður Ásu, hefur tekið sæti í hennar stað. Þá hefur Jóhannes Sigurðsson, varamaður Kristínar, tekið sæti í hennar stað. Aðrir nefndarmenn eru Helga Melkorka Óttarsdóttir, Reimar Pétursson og Þorgeir Örlygsson.

Hinn 4. júlí 2024 ritaði nefndin umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu fram athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmanna.

Fyrsti fundur dómnefndar eftir að hún var fullskipuð var haldinn 3. júlí 2024. Samkvæmt 10. gr. reglna nr. 970/2020 reiknast sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar frá þeim degi en þar er jafnframt tekið fram að sá frestur geti þó orðið lengri ef sérstakar ástæður valda því, svo sem mikill fjöldi umsækjenda o.þ.h.

Í framangreindri auglýsingu frá 14. júní 2024 var m.a. áskilið að fram kæmu í umsóknum um embætti dómara við Landsrétt upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlegar og skriflegar upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Á grundvelli 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020 sendi dómnefnd spurningalista til þeirra sem umsækjendur höfðu gefið upp sem umsagnaraðila. Umsækjendunum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör þeirra og hafði nefndin hliðsjón af þessum umsögnum við mat sitt, svo sem nánar verður vikið að í kafla 5.1 hér á eftir.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur 15. júlí 2024.

Samkvæmt 8. gr. reglna nr. 970/2020 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 29. ágúst 2024, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til kl. 19:00 mánudaginn 2. september 2024. Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að fram kæmi svo fljótt sem kostur væri hvort umsækjendur hygðust gera athugasemdir og þær yrðu þá sendar sem fyrst. Athugasemdir bárust frá fjórum umsækjendum og voru vegna þeirra gerðar minni háttar breytingar á fyrirliggjandi drögum að umsögn.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjenda, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á umsækjendum á grundvelli þeirra megin sjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjenda. Ekki er greint frá öllu því sem þeir hafa talið þar upp heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Arnaldur Hjartarson er fæddur 30. júní 1983 og er því 41 árs. Hann lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 2006 og meistaraþrófi frá sama skóla árið 2008. Hann lauk LL.M.-námi frá Yale Law School í maí 2013 með tveimur viðbótarnámskeiðum og hefur lokið námskeiði frá Harvard Law School með próftöku. Auk þess hefur hann sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni bæði innanlands og erlendis. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2008. Að loknu

laganámi starfaði umsækjandinn sem fulltrúi á lögmannsstofu fram í janúar 2009. Þá starfaði hann í rúmt ár hjá rannsóknarnefnd Alþingis vegna falls íslensku bankanna en hóf störf á lánasviði Fjármálaeftirlitsins í febrúar 2010. Í eitt ár, frá apríl 2011 til apríl 2012, starfaði hann sem aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt en varð þá starfsnemi við EFTA-dómstólinn sumarlangt. Í júlí 2013 tók hann við starfi yfirlögfræðings Bankasýslu ríkisins þar sem hann starfaði í tvö ár. Frá 16. september 2013 til 1. janúar 2014 var hann settur héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og var starfshlutfall hans hjá Bankasýslunni lægra á meðan. Frá september 2015 til febrúar 2018 starfaði hann sem aðstoðarmaður dómara við EFTA-dómstólinn þegar var hann var skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur þar sem hann starfar enn. Frá apríl 2019 og fram á haust 2020 starfaði hann þó við Héraðsdóm Reykjaness. Umsækjandinn hefur annast stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands frá nóvember 2009 og varð aðjúntk við deildina 1. júlí 2013. Í upphafi árs 2014 tók hann við starfi sérfræðings við Lagastofnun Háskóla Íslands og gegndi því starfi fram á vor 2016, þar af í 50% starfshlutfalli frá 1. september 2015. Hann hefur aðallega kennt fjármálarétt, samningarétt, félagarétt og Evrópurétt. Þá hefur hann leiðbeint nemendum við skrif BA- og meistararitgerða. Auk þess sinnti hann stundakennslu við Háskólann á Bifröst haustið 2011, var gestakennari við Ohio Northern University í janúar 2015 og hefur kennt námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Hann gegndi stöðu fræðilegs ritstjóra Fons Juris frá apríl 2017 til desember 2019. Frá október 2018 til loka árs 2020 var hann formaður kæruneftndar jafnréttismála. Umsækjandinn ritaði bókina *Evrópskur bankaréttur – og áhrif hans á íslenskan rétt* sem er ritrýnd. Hann hefur skrifað átta fræðigreinar, þar af eru sjö ritrýndar, og fjóra ritrýnda bókakafla ýmist einn eða með öðrum. eru fræðiskrifin einkum á sviði fjármálaréttar og ESB/EES-réttar, auk stjórnasýsluréttar, réttarfars, mannréttinda og réttarhagfræði. Þá hefur hann ritað eina lögfræðilega álitserð. Hann hefur haldið fyrirlestra um lögfræðileg málefni við ýmis tilefni. Af öðrum aukastörfum má nefna að hann samdi drög að stöðluðum skilmálum fyrir íslenska skuldabréfamarkaðinn fyrir Samtök atvinnulífsins og Kauphöll Íslands og hefur veitt ýmsum aðilum sérfræðiráðgjöf. Umsækjandinn sat í viðurlaganefnd Kauphallar NASDAQ OMX Iceland hf. frá maí 2015 til janúar 2019, upphaflega sem varamaður en sem aðalmaður frá mars 2017. Þá hefur hann verið skipaður í tvær

nefndir sem falið var að semja lagafrumvörp og sat hann í þrjú manna sérfræðingahópi stjórnarskrárnefndar 2015. Hann hefur setið sem varamaður í stjórn dómstólasýslunnar frá maí 2019 og í stjórn Dómarafélags Íslands frá nóvember 2021, þar af varaformaður félagsins frá febrúar 2023.

Daði Kristjánsson er fæddur 4. október 1973 og er því 50 ára. Hann lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands í október 1999 og síðan námi við Lögregluskóla ríkisins og hlaut starfsréttindi sem lögreglumaður í desember 2000. Þá hefur hann lokið mörgum endurmenntunarnámskeiðum, m.a. á vegum Dómstólasýslunnar, Lögmannafélags Íslands, Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands. Að loknu laganámi starfaði hann sem löglærður fulltrúi hjá sýslumanninum á Ísafirði í tæp tvö ár eða þar til hann tók við starfi fulltrúa á ákæru- og rannsóknarsviði lögreglustjórans í Reykjavík í desember 2002. Frá upphafi árs 2007 til loka apríl 2008 var hann aðstoðarsaksóknari hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu en á því tímabili var hann settur saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara í þrjá og hálfan mánuð. Frá 1. maí 2008 til 15. maí 2010 var hann settur saksóknari við embætti ríkissaksóknara. Hann var skipaður saksóknari við sama embætti frá 16. maí 2010 til 8. janúar 2018 en starfaði í eitt ár hjá umboðsmanni Alþingis. Í janúar 2018 var hann skipaður dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Hann var stundakennari við Háskóla Íslands frá hausti 2012 til og með hausti 2016 og kenndi þar refsirétt, réttarfar og hlutverk dómara og lögmanna við meðferð einka- og sakamála. Frá hausti 2006 til ársloka 2011 kenndi hann sakamálaréttarfar við Lögregluskóla ríkisins. Umsækjandinn hefur ritað eina ritrýnda fræðigrein ásamt meðhöfundum. Hann hefur verið í sóknarnefnd Langholtssóknar í Reykjavík frá apríl 2015, ýmist sem aðalmaður eða varamaður. Jafnframt hefur hann verið í stjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma sem fulltrúi Langholtssóknar 2015-2020 og frá 2023. Hann hefur verið formaður Ákærendafélags Íslands frá desember 2015 til nóvember 2017 en hann var varaformaður félagsins 2010-2015 og meðstjórnandi 2007-2009. Þá sat hann í stjórn Félags löglærðra fulltrúa ákæruvalds 2004-2007. Hann tók þátt í námsferð ríkissaksóknara og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til ríkissaksóknara Danmerkur og fleiri stofnana í febrúar 2011. Þá hefur hann setið í ýmsum starfshópum og nefndum en sem dæmi má nefna starfshóp um aðgerðaáætlun um meðferð

kynferðisbrota, samráðshóp um meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins, nefnd um meðferð kærumála og kvartana á hendur lögreglu og í starfshópi sem skipaður var til að gera frumvarp að lögum um nálgunarbann og brottvísun af heimili.

Eiríkur Elís Þorláksson er fæddur 4. mars 1976 og er því 48 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 2001 og LL.M.-námi við King's College í London 2008. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings í héraði 2002 og fyrir Hæstarétti 2008. Þá lauk hann prófi til að teljast hæfur stjórnarmaður í váttryggingafélagi 2011. Auk þess hefur hann sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn sem lögfræðingur hjá óbyggðanefnd. Á árinu 2002 hóf hann störf sem fulltrúi á lögmannsstofu en var meðeigandi að lögmannsstofu árin 2004-2011. Frá 2012 hefur hann starfað við lagadeild Háskólans í Reykjavík, fyrst sem lektor en dósent frá 2017 en hann hefur einnig sinnt lögmannsstörfum á þeim tíma. Frá mars 2019 til apríl 2024 gegndi hann starfi deildarforseta. Hefur hann sinnt kennslu á sviði fjármunaréttar, einkamálaréttarfars, fullnusturéttarfars, gjaldþrotaskiptaréttar og alþjóðlegs einkamálaréttar. Auk þess sinnti umsækjandinn stundakennslu í félagarétti, kröfurétti og réttarfari á árunum 2002 til 2007 við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, skaðabótarétti við Háskólann á Bifröst árin 2012 og 2014, og hefur frá 2017 kennt fullnusturéttarfar á námskeiðum Lögmannafélags Íslands vegna öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður. Hann hefur einnig leiðbeint nemendum við skrif lokaritgerða við alla þrjá framangreinda háskóla. Umsækjandinn hefur ritað tvær bækur á sviði réttarfars, annars vegar bókina „Alþjóðlegur einkamálaréttur“ og hins vegar „Bráðabirgðagerðir“ en þær eru báðar ritrýndar. Hann hefur skrifað einn ritrýndan bókarkafli og 14 ritrýndar fræðigreinar, þar af eru þrjár ritaðar ásamt öðrum. Auk þess hefur hann skrifað þrjá óritrýnda bókarkafli, einn þeirra var ritaður ásamt öðrum. Hann hefur haldið fyrirlestra um lögfræðileg málefni við ýmis tilefni hérlendis og erlendis. Hann var í ritstjórn Tímarits Lögréttu 2014-2022. Hann var ritari kæruneftndar útboðsmála 2002-2007 og varaformaður nefndar um dómastörf 2016-2021 þar sem hann hefur tekið sæti í einu máli. Þá var hann varamaður í óbyggðanefnd 2010-2023 þar sem hann tók sæti sex málum og hefur verið nefndarmaður í réttarfarsneftnd frá 2022. Umsækjandinn hefur einnig verið varadómari í Endurupptökudómi frá 2021 þar sem hann hefur setið sem dómari í um 30 málum,

verið settur dómari við Landsrétt í þremur málum og einu sinni átt sæti í gerðardómi. Þá hefur umsækjandinn verið dómkvaddur mats- eða yfirmatsmaður í nokkrum fjölda mála og samið yfir 400 matsgerðir auk þess að hafa verið tilnefndur sem sérfræðivitni í erlendum dómsmálum. Af öðrum aukastörfum má nefna að umsækjandinn var deildarforseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík í níu mánuði á árinu 2021, var settur ad hoc deildarforseti verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík í einu máli á árinu 2022, var settur dómari við áfrýjunardómstól HSÍ árið 2021 og hefur verið varadómari við dómstól HSÍ frá árinu 2022. Á árinu 2023 hefur hann verið settur sem lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu í einu máli og sem formaður úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar í einu máli. Hann hefur setið í stjórnnum ýmissa félaga, svo sem Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og Stoða hf., sat í stjórn Bókaútgáfunnar Codex 2001-2007 og er formaður Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands. Þá var hann formaður fagráðs kaþólsku kirkjunnar á Íslandi 2011-2012 og formaður handknattleiksdeildar Gróttu árin 2009-2014.

Eyvindur G. Gunnarsson er fæddur 31. ágúst 1970 og er því 54 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1996 og LL.M.-námi við Duke University School of Law vorið 1998. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1997 og leyfi til málflyttings fyrir Hæstarétti 2006. Að loknu embættisprófi starfaði hann sem deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu 1996-1997. Hann starfaði sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur 1998-2000 og á sama ári sem deildarsérfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Hann var sjálfstætt starfandi lögmaður 2000-2006 en hefur frá þeim tíma starfað við lagadeild Háskóla Íslands. Þar var hann lektor frá 2006 til 2010, dósent frá 2010 til 2013 en hefur frá þeim tíma verið prófessor, þar af forseti deildarinnar frá 2013 til 2016. Auk fyrrgreindra starfa við kennslu við lagadeild Háskóla Íslands frá 2006 var umsækjandi stundakennari við deildina frá 1999 til 2006. Helstu kennslugreinar hans hafa verið kröfuréttur, samningaréttur, alþjóðlegur einkamálaréttur, félagaréttur og eignaréttur. Þá kenndi hann á námskeiði til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður frá 2007 til 2021 og á námskeiði til löggildingar fasteignasala frá 1998 til 2022. Hann hefur frá 1998 leiðbeint fjölda nemenda við meistaraaritgerðir. Bækur sem hann hefur ritað einn eða með öðrum eru „Dómar í þinglýsingarmálum 1920-2010“ sem hann er einn höfundur að og

„Kröfuréttur I“ , „Kröfuréttur II“ , „Þinglýsingalög – skýringarit“ , „Kröfuréttur III“ og „Hrunréttur“ sem hann ritaði ásamt öðrum. Þá hefur hann fengið birtar yfir 40 greinar og bókarkafli á sviði lögfræði, þar af eru flestar greinanna ritýndar. Þá hefur hann sinnt ritstjórn og ritrýni og tekið þátt í innra starfi lagadeildar Háskóla Íslands. Meðal annars hefur hann setið í stjórn Lagastofnunar, vísindanefnd lagadeildar og í stjórn Starfsþróunarsjóðs prófessora en einnig verið formaður kærunefndar í málefnum nemenda við skólann. Af öðrum aukastörfum hans má nefna að hann var á árinu 2018 settur dómari í tíu málum í Hæstarétti og hefur verið settur dómari í einu máli fyrir Landsrétti. Hann var varamaður í endurupptökunefnd frá 2013 til 2017 þar sem hann tók þátt í afgreiðslu nokkurra mála. Hann hefur verið gerðarmaður í fimm málum, meðal annars Gerðardómi Viðskiptaráðs Íslands og í gerðardómi á vegum Lagastofnunar Háskóla Íslands, auk þess sem hann hefur átt sæti ad hoc í gerðardómsmálum. Einnig hefur hann verið dómandi við Endurupptökudóm frá ársbyrjun 2021. Hann sat í áfrýjunarnefnd neytendamála 2007-2013 og hefur setið í ráðgjafarnefnd Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um hæfi stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, váttryggingamiðlara, váttryggingafélaga og lífeyrissjóða í 11 ár, þar af sem formaður frá 2013. Hann sat í stjórn Löggildingarstofu 2003-2005, var formaður stjórnar Happsdrættis Háskóla Íslands 2007-2023. Hann var varamaður í stjórn Samkeppniseftirlitsins 2005-2013 og aðalmaður 2013-2017, þar af stjórnarformaður 2014-2015. Þá var hann lögfræðilegur ráðgjafi rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna árið 2008 og sömu nefndar um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna. Hann sat í stjórn Lögfræðingafélags Íslands á árunum 2007-2014, þar af sem formaður 2013-2014. Eyvindur hefur komið að vinnu við á annan tug lagafrumvarpa, bæði einn, í samvinnu við aðra og sem starfsmaður nefnda sem hafa undirbúið þau.

Hlynur Jónsson er fæddur 19. apríl 1970 og er því 54 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1996 og LL.M.-námi frá Chicago-háskóla árið 1998. Þá sat hann námskeið hjá Verðbréfaeftirliti Bandaríkjanna, SEC, árið 2005. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings í héraði 1997 og fyrir Hæstarétti 2011. Hann starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofum 1996-1997 og 1998-2002. Hann var lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu 2002-2008, þar af sviðsstjóri verðbréfasviðs

eftirlitsins frá árinu 2005. Frá ársbyrjun 2008 til 2021 starfaði umsækjandinn á eigin lögmannsstofu í félagi við aðra. Í júní 2021 var hann skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Norðurlands eystra. Hann kenndi verðbréfamarkaðsrétt við lagadeild Háskóla Íslands árin 2007 og 2009 og félagarétt 2008 og 2009, hefur verið leiðbeinandi við ritun meistararitgerða og fastur prófdómari við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2008. Hann kenndi á námskeiði um frumkvöðlafræði í MBA námi við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands haustið 2008. Þá hefur umsækjandinn haldið ýmsa lögfræðilega fyrirlestra og erindi. Árið 2009 var hann skipaður í slitastjórn þriggja fjármálafyrirtækja, SPRON hf., Frjálsa fjárfestingarbankans hf. og SPRON Verðbréfa hf. og í kjölfar nauðasamnings SPRON hf. í árslok 2015 varð hann stjórnarformaður SPRON ehf. og gegndi því starfi til 2021. Árin 2009-2012 var hann stjórnarformaður Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogs. Umsækjandinn var skipaður sem varamaður í gjafsóknarnefnd fyrir tímabilið 2023-2028 og kjörinn í stjórn Dómarafélags Íslands 2023. Hann var árið 2005 skipaður í nefnd forsætisráðherra um viðurlög við efnahagsbrotum sem skilaði af sér tveimur lagafrumvörpum, um breytingar á samkeppnislögum og um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög á fjármáلامarkaði og sat á árunum 2005 til 2007 í nefnd sem hafði það hlutverk að semja frumvarp að nýjum lögum um verðbréfaviðskipti sem varð að lögum nr. 108/2007. Þá sat hann í þremur sérfræðinganefndum á vegum samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlita árin 2003 til 2008.

5. Mat á umsækjendum

5.1 Almenn starfshæfni og andlegt atgerði

Í 2. mgr. 21. gr. laga nr. 50/2016 er í átta tölulíðum mælt fyrir um þau almennu hæfisskilyrði sem umsækjendur um embætti landsréttardómara þurfa að uppfylla til að skipa megi þá í embættið. Meðal þessara skilyrða eru að umsækjandi sé svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu, sbr. 3. tölulíð, hafi ekki sýnt af sér háttsemi, sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta, sbr. 5. tölulíð, hafi lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraprófi í lögum, sbr. 6. tölulíð og kafla 5.2 hér á eftir, og teljist vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi

starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar, sbr. 8. tölulið. Eins og áður greinir hefur ráðherra, í samræmi við 3. gr. reglna nr. 970/2020, látið staðreyna að umsækjendurnir uppfylli öll þessi hæfisskilyrði.

Í 3. tölulið 4. gr. reglnanna kemur fram að við mat á almennri starfshæfni skuli dómnefnd líta til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá segir einnig að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Enn fremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð, bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Svo sem áður greinir var meðal annars áskilið í auglýsingu um dómaraembættið að fram kæmu í umsóknum upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Þær umsagnir sem nefndin aflaði hjá þessum umsagnaraðilum um störf umsækjenda og persónulega eiginleika þeirra voru undantekningalaust jákvæðar í þeirra garð.

Af þessum umsögnum og athugunum nefndarinnar verður ráðið, eins og áður er fram komið, að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður til starfshæfni landsréttardómara samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020.

5.2 Menntun og framhaldsmenntun

Arnaldur Hjartarson lauk BA-prófi og síðan meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2008. Á árinu 2013 lauk hann LL.M-námi frá Yale háskóla í Bandaríkjunum og þá hefur hann lokið námskeiði með próftöku á vegum Harvard Law School. Hann sótti jafnframt námskeið við European University Institute í Flórens án próftöku.

Daði Kristjánsson lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands í október 1999. Auk þess lauk hann námi við Lögregluskóla ríkisins og hlaut starfsréttindi sem lögreglumaður í desember 2000. Þá hefur hann lokið mörgum

endurmenntunarnámskeiðum m.a. á vegum Dómstólasýslunnar, Lögmannafélags Íslands, Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands.

Eiríkur Elís Þorláksson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2001 og LL.M.-námi frá King's College í London árið 2008.

Eyvindur G. Gunnarsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1996 og LL.M.-námi frá Duke University School of Law í Norður Karólínu árið 1998.

Hlynur Jónsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1996 og LL.M.-námi frá Chicago-háskóla 1998.

5.1.1 Menntun og framhaldsmenntun – samanburður

Að virtu því sem að framan greinir er það mat dómnefndar að *Arnaldur* standi fremstur umsækjenda í þessum matsþætti en hann hefur lokið meistaragraðu í lögfræði frá erlendum háskóla að loknu meistaraprófi í lögum frá Háskóla Íslands, auk þess að hafa lagt stund á frekara nám á háskólastigi. Næstir honum koma *Eiríkur Elís*, *Eyvindur* og *Hlynur* en þeir hafa allir lokið viðbótarmeistaragraðu í lögfræði í framhaldsnámi við erlenda háskóla og verður ekki gert upp á milli þeirra þriggja í þessum matsþætti. Loks kemur *Daði* sem lokið hefur lögreglunámi að loknu embættisprófi í lögfræði.

5.3 Reynsla af dómstörfum

Arnaldur Hjartarson var aðstoðarmaður hæstaréttardómara um eins árs skeið og aðstoðarmaður dómara við EFTA-dómstólinn í tæp þrjú ár. Haustið 2013 var hann settur héraðsdómari í þrjá og hálfan mánuð og síðar skipaður í það embætti í ársbyrjun 2018. Hann hefur því samtals verið héraðsdómari í tæp sjö ár.

Daði Kristjánsson var skipaður héraðsdómari í byrjun árs 2018. Hann hefur því verið héraðsdómari í rúm sex og hálfu ári.

Eiríkur Elís Þorláksson hefur verið varadómari í Endurupptökudómi frá 2021 þar sem hann hefur setið sem dómari í um 30 málum, tekið sæti sem varadómari í Landsrétti í þremur málum og einu sinni tekið sæti í gerðardómi.

Eyvindur G. Gunnarsson var settur dómari við Hæstarétt í tíu málum árið 2018 og hefur verið settur dómari í einu máli fyrir Landsrétti. Hann var aðstoðarmaður

dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur um tveggja ára skeið 1998-2000 og hefur verið dómandi við Endurupptökudóm frá ársbyrjun 2021 og setið þar í dómi í 56 málum. Auk þess hefur hann verið gerðarmaður í fimm málum.

Hlynur Jónsson var skipaður héraðsdómari í júní og hefur því verið héraðsdómari í rétt rúm þrjú ár.

5.3.1 *Reynsla af dómstörfum – samanburður*

Samkvæmt framansögðu hafa allir umsækjendur reynslu af dómstörfum þótt í mismiklum mæli sé. Við mat á hæfni þeirra að því er þennan þátt varðar er fyrst og fremst litið til starfstíma þeirra sem skipaðra eða settra dómara þar sem þeir leystu úr málum á eigin ábyrgð og við hvaða dómstóla þeir hafa starfað. Í þessu felst að öðru jöfnu vegur starfreynsla á áfrýjunardómstigi þyngra en jafn löng starfsreynsla í héraðsdómi. Einnig verður horft til starfa umsækjenda sem dómarafulltrúar eða aðstoðarmenn dómara þótt þau störf hafi mun minna vægi en störf sjálfstætt starfandi dómara. Loks er í þessum matsþætti höfð hliðsjón af reynslu umsækjenda af því að hafa setið sem varadómarar í einstökum málum í Hæstarétti og Landsrétti og tekið þátt í störfum annarra fjölskipaðra dómstóla, þ. á m. gerðardóma.

Að öllu þessu virtu er það mat nefndarinnar að hvað dómareynslu varðar að *Arnaldur* standi fremstur í þessum þætti hæfnismatsins en hann hefur verið héraðsdómari í tæp sjö ár ár samanlagt auk þess að hafa verið aðstoðarmaður hæstaréttardómara og við EFTA-dómstólinn. Næstur er *Daði* sem hefur verið héraðsdómari í rúm sex og hálf ár. Þar á eftir kemur *Hlynur* sem hefur verið héraðsdómari í rúm þrjú ár. *Eiríkur Elís* og *Eyvindur* hafa minni reynslu af dómstörfum en aðrir umsækjendur. Af þeim tveimur þykir *Eyvindur* að mati nefndarinnar standa framar í þessum matsþætti.

5.4 *Reynsla af lögmanns- og málflytningstörfum*

Arnaldur Hjartarson öðlaðist réttindi til málflytninga fyrir héraðsdómi árið 2008. Á árunum 2008-2009 starfaði hann í rúmlega hálf ár sem fulltrúi og síðar

lögmaður á lögmannsstofu þar sem hann flutti meðal annars nokkur mál fyrir héraðsdómi um formhlið þeirra.

Daði Kristjánsson hefur ekki starfað sem lögmaður. Hann starfaði sem löglærður fulltrúi hjá sýslumanninum á Ísafirði í tæp tvö ár eða þar til hann tók við starfi fulltrúa á ákæru- og rannsóknarsviði lögreglustjórans í Reykjavík í desember 2002. Frá upphafi árs 2007 til loka apríl 2008 var hann aðstoðarsaksóknari hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu en á því tímabili var hann settur saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara í þrjá og hálfan mánuð. Frá 1. maí 2008 til 15. maí 2010 var hann settur saksóknari við embætti ríkissaksóknara. Hann var skipaður saksóknari við sama embætti frá 16. maí 2010 þar til hann var skipaður héraðsdómari í upphafi árs 2018 en var í leyfi í eitt ár 2012-2013. Hann hefur flutt fjölmörg mál á þessum tíma, þar á meðal mjög mörg í Hæstarétti. Reynsla hans af meðferð ákærvalds og málflutningsreynsla í sakamálum spannar því allt að 14 árum.

Eiríkur Elís Þorláksson öðlaðist árið 2002 réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi og árið 2008 fyrir Hæstarétti Íslands. Hann starfaði sem lögmaður frá 2002 til 2012 en hefur frá því ári til þessa dags sinnt lögmannsstörfum í hlutastarfi. Hann hefur flutt nær tvö hundruð mál fyrir dómstólum á öllum dómstigum, bæði einkamál og sakamál, auk þess að flytja mál fyrir gerðardómi.

Eyvindur G. Gunnarsson hlaut réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1997 og Hæstarétti 2006. Hann var sjálfstætt starfandi lögmaður 2000-2006 eða í sex ár og hefur flutt um 50 mál fyrir dómi.

Hlynur Jónsson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1997 og fyrir Hæstarétti 2011. Hann var fulltrúi á lögmannsstofu 1996-1997 eða í rúmt eitt ár. Síðan starfaði hann sem lögmaður á lögmannsstofu um þriggja ára skeið 1999-2002, en var sjálfstætt starfandi lögmaður 2008-2021, eða í um 13 ár. Lögmannsferill hans spannar því alls um 16 ár. Á þeim tíma hefur hann flutt mál á mörgum réttarsviðum fyrir dómi, jafnt einkamál sem sakamál. Síðari árin sinnti hann einkum verkefnum tengdum fjármálamarkaði, þ. á m. var hann í nokkur ár formaður slitastjórna þriggja fjármálafyrirtækja.

5.4.1 *Reynsla af lögmanns- og málflytningisstörfum – samanburður*

Allir umsækjendur hafa fengist við lögmanns- og málflytningisstörf en þó í mislangan tíma. Við samanburð á hæfni þeirra vegna reynslu af þeim störfum er einkum litið til þess hve lengi þeir hafa starfað sem lögmennt, þar á meðal haft réttindi til flytningu mála fyrir æðra dómi eða sem sækjendur í sakamálum, en hér sem endranær vega fyrstu árin í starfi þyngst. Einnig er horft til þess hvort umsækjendur hafi unnið sjálfstætt að lögmannsstörfum, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 77/1998 um lögmennt, hvort þeir hafi gert það samhliða öðrum störfum, hversu mörg mál þeir hafa flutt og hvort störfin hafi verið fjölbreytileg þannig að þeir hafi fengist við mál á sem flestum réttarsviðum eða einungis á afmörkuðum sviðum. Jafnframt skiptir máli hvort þeir hafi flutt vandasöm mál fyrir dómi, ekki síst Hæstarétti og Landsrétti, svo og hvort önnur mál, sem þeir hafa fengist við sem lögmennt, hafi verið yfirgripsmikil eða flókin úrlausnar. Einnig verður höfð hliðsjón af störfum umsækjenda á lögmannsstofum áður en þau fengu lögmannsréttindi, en sú reynsla vegur þó tiltölulega lítið. Þá er tekið mið af því ef umsækjendur sinntu öðrum viðfangsefnum samhliða lögmannsstörfum en þau koma til mats í viðeigandi þáttum hæfnismats.

Með skírskotun til þess sem að framan greinir standa *Eiríkur Elís* og *Hlynur* jafnt að vígi í þessum matsþætti og öðrum umsækjendum framar. *Eiríkur Elís* á langan lögmannsferil að baki og hefur flutt mikinn fjölda mála á fjölbreyttum sviðum lögfræðinnar á öllum dómsstigum. Hann starfaði sem lögmaður í 10 ár og hefur síðustu 12 árin, eða frá árinu 2012, sinnt lögmannsstörfum í hlutastarfi. Lögmannsferill *Hlyns* nær yfir 16 ár, þar af var hann sjálfstætt starfandi lögmaður í 13 ár. Næstur á eftir þeim kemur *Daði* sem hefur starfað sem ákærandi í 14 ár, þar af sem saksóknari hjá ríkissaksóknara í tæpan áratug. Líta verður til þess að saksóknarstörf *Daða* eru jafnframt metin sem stjórnsýslureynsla. Þar á eftir kemur *Eyvindur* sem var sjálfstætt starfandi lögmaður í sex ár og loks *Arnaldur*.

5.5 *Reynsla af stjórnsýslustörfum*

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnsýslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Arnaldur Hjartarson starfaði 2009-2010 í liðlega eitt ár sem lögfræðingur hjá rannsóknarnefnd Alþingis vegna falls íslensku bankanna. Einnig í rúmlega eitt ár á lánasviði Fjármálaeftirlitsins 2010-2011. Árin 2013-2015 var hann tæp tvö ár yfirlögfræðingur Bankasýslu ríkisins, þar af hluta þess tíma í hlutastarfi. Þá átti hann sæti í viðurlaganefnd Kauphallarinnar 2017-2019 og var formaður kærunefndar jafnréttismála 2018-2021. Hann var varamaður í stjórn dómstólasýslunnar frá 2019 þar til hann varð aðalmaður í júlí 2024.

Daði Kristjánsson starfaði hjá sýslumanninum á Ísafirði sem löglærður fulltrúi frá 1. janúar 2001 til 30. nóvember 2002. Hann starfaði sem löglærður fulltrúi á ákæru- og rannsóknarsviði lögreglustjórans í Reykjavík frá 1. desember 2002 til 31. desember 2006. Þá var hann aðstoðarsaksóknari hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu frá 1. janúar 2007 til 30. apríl 2008. Hann starfaði sem saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara frá 1. maí 2008, þar af skipaður frá 16. maí 2010 þar til hann var skipaður héraðsdómari í ársbyrjun 2018. Árið 2014 sat hann í valnefnd sem fjallaði um og lagði mat á umsóknir um embætti lögreglustjórans í Vestmannaeyjum og embætti lögreglustjórans á Vestfjörðum. Starfstími umsækjandans hjá sýslumanni, lögreglunni og ríkissaksóknara er tæplega 16 ár en hluti af þeim störfum hefur verið metinn sem lögmannsreynsla. Auk þess starfaði hann sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis frá 1. febrúar 2012 til 31. janúar 2013 eða í eitt ár.

Eiríkur Elís Þorláksson var á árunum 2001 til 2002 lögfræðingur hjá óbyggðanefnd um tíu mánaða skeið og kom meðal annars að samningu fyrstu úrskurða nefndarinnar. Þá var hann varamaður í nefndinni 2010-2023 og tók sæti í sex málum. Hann starfaði sem ritari kærunefndar útboðsmála 2002-2007 og samdi drög að úrlausnum í málum. Árin 2016-2021 var hann varaformaður nefndar um dómaraströf og tók sæti í einu máli þar sem hann samdi drög að niðurstöðu. Í störfum sínum við lagadeild Háskólans í Reykjavík, þar með talið sem deildarforseti við deildina 2019-2024, sem og tímabundið við aðrar deildir, hefur hann þurft að gæta að reglum stjórnsýsluréttar við afgreiðslu tiltekinna mála, þrátt fyrir að um sé að ræða sjálfseignarstofnun. Þetta á einnig að nokkru leyti við um störf hans í rannsóknarráði skólans og valnefnd vegna ráðninga. Loks hefur hann verið settur sem lögreglustjóri

á höfuðborgarsvæðinu í einu máli og sem formaður úrskurðarnefndar Þjóðkirkjunnar í einu máli.

Eyvindur G. Gunnarsson starfaði að loknu lagaprófi 1996 um rúmlega eins árs skeið í umhverfisráðuneytinu þar sem meginhluti starfs hans fólst í að semja úrskurði á ábyrgð ráðherra í skipulags- og byggingarmálum og málum vegna mats á umhverfisáhrifum, alls um 20 úrskurði. Hann starfaði á árinu 2000 í um sex mánuði sem sérfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu en það starf fólst að miklu leyti í undirbúningi lagasetningar. Á árinu 2002 sat hann í samkeppnisráði ad hoc í tveimur málum. Hann var framkvæmdastjóri prófnefndar löggiltra fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala árin 1998-2003 og sat í nefndinni árin 1999-2004. Hann var stjórnarformaður Flutningsjöfnunarsjóðs sements árin 2002-2004 og sat í stjórn Löggildingarstofu árin 2003-2005. Hann sat í áfrýjunarnefnd neytendamála 2007-2013 og sat þar í 90 málum. Þá var hann varamaður í endurupptökunefnd 2013-2017 og tók þar sæti í nokkrum málum. Hann sat um árabil í stjórn Samkeppniseftirlitsins, sem varamaður árin 2005-2013 og aðalmaður árin 2013-2017, þar af sem stjórnarformaður árin 2014-2015. Árin 2013-2017 sat hann í prófnefnd verðbréfaviðskipta. Þá var hann forseti lagadeildar Háskóla Íslands um þriggja ára skeið. Hann hefur frá 2013 setið í ráðgjafarnefnd Fjármálaeftirlits Seðlabankans um hæfi stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, váttryggingamiðlana, váttryggingafélaga og lífeyrissjóða og verið formaður hennar frá 2015, formaður viðurlaganefndar Nasdaq Iceland hf. frá 2013 og formaður fastanefndar dómsmálaráðuneytis á sviði happdrættismála frá 2007. Að auki hefur hann gegnt ýmsum stjórnsýslustörfum innan Háskóla Íslands, svo sem formennsku í stjórn Happpdrættis Háskóla Íslands í um 16 ár, setið í stjórn Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands í sex ár, verið varamaður í háskólaráði og setið í kærunefnd í málefnum nemenda skólans. Auk þess hefur hann setið í vísindanefnd lagadeildar Háskóla Íslands, vísindanefnd félagsvísindasviðs hans, jafnréttisnefnd sama sviðs, dómnefndum, prófnefndum, valnefndum og sjálfsmatsnefndum.

Hlynur Jónsson starfaði sem lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu á árunum 2002-2008 eða í rúmlega fimm ár, þar af var hann sviðsstjóri verðbréfasviðs stofnunarinnar frá 2005. Í störfum hans fólst m.a. að rannsaka hugsanleg brot í starfsemi

fjármálafyrirtækja og var hann ráðinn til að sinna einni slíkri rannsókn eftir að hann hætti störfum hjá stofnuninni. Samhliða þessu átti hann sæti í ýmsum nefndum sem skipaðar voru af ráðherrum sem og sérfræðinganefndum á vegum evrópskra verðbréfaeftirlita. Þá hefur hann setið sem varamaður í gjafsóknarnefnd frá árinu 2023.

5.5.1 *Reynsla af stjórnarsýslustörfum – samanburður*

Í þessum þætti hæfnismats hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta falið í sér reynslu af stjórnarsýslustörfum. Í sumum tilvikum hafa stjórnarsýsluverkefni verið innt af hendi samhliða aðalstarfi og vega þar af leiðandi ekki jafn þungt við mat á hæfni vegna stjórnarsýslureynslu og ef um aðalstarf hefði verið að ræða. Þó skiptir máli hversu vel reynsla í slíkum störfum nýtist dómaraefni, sbr. 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020, svo sem seta í úrskurðarnefndum sem halda má fram að verði að nokkru leyti lögð að jöfnu við dómstörf. Störf ákæranda eru í eðli sínu stjórnarsýslustörf enda þótt taka verði tillit til þess að þau fela einnig í sér málflutning fyrir dómi sem fellur undir kafla 5.4. Eins og endranær verður litið til framangreindra starfa og þeim gefið vægi eftir umfangi, fjölbreytni og lengd starfstíma. Tekið skal fram að reynsla af stjórnun er sérstakur matsþáttur.

Að öllu þessu virtu er það mat dómnefndar að *Daði* standi fremstur umsækjenda í þessum þætti matsins en eins og að framan greinir á hann að baki áralanga reynslu af stjórnarsýslustörfum, þar af 14 ár sem sækjandi. Ekki verður gert upp á milli stjórnarsýslureynslu annarra umsækjenda. *Arnaldur* býr að margvíslegri reynslu af stjórnarsýslustörfum, þar af sem formaður kærunefndar jafnréttismála í um þrjú ár. *Eiríkur Elís* hefur fjölbreytta reynslu af stjórnarsýslustörfum, bæði að aðalstarfi og hlutastarfi, þar á meðal sem deildarforseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík í 5 ár og annarra deilda til skemmri tíma. *Eyvindur* hefur reynslu af því að starfa í ráðuneytum, var forseti lagadeildar Háskóla Íslands um þriggja ára skeið og hefur reynslu af stjórnarsýslustörfum í mörgum stjórnarsýslunefndum. *Hlynur* hefur fengist við stjórnarsýslustörf að aðalstarfi í rúm fimm ár og átt sæti í stjórnarsýslunefndum, sem og sérfræðinganefndum á vegum evrópskra verðbréfaeftirlita.

5.6 Reynsla af fræðistörfum o.fl.

5.6.1 Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf

Arnaldur Hjartarson var, samhliða öðrum störfum, sérfræðingur hjá Laga- stofnun Háskóla Íslands á árunum 2014-2016. Hann hefur sinnt stundakennslu við lagadeild skólans frá 2009 og hafa aðalkennslugreinar hans verið fjármálaréttur, fjármunaréttur og Evrópuréttur. Jafnframt hefur hann leiðbeint nemendum við skrif BA-ritgerða og meistararitgerða. Frá 2016 hefur hann verið aðjúnkt við deildina. Auk þessa hefur hann fengist við kennslu í lögfræði í Háskólanum á Bifröst og víðar.

Daði Kristjánsson var stundakennari við Háskóla Íslands 2012-2016 og kenndi þar hluta af refsirétti og sakamálaréttarfari. Frá hausti 2006 til ársloka 2011 kenndi hann sakamálaréttarfar við Lögregluskóla ríkisins. Hann hefur því verið stundakennari á háskólastigi í fimm ár og við Lögregluskólann í fimm til viðbótar.

Eiríkur Elís Þorláksson hefur sinnt kennslu við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá árinu 2012 á sviði fjármunaréttar, einkamálaréttarfars, fullnusturéttarfars, skuldaskilaréttar og alþjóðlegs einkamálaréttar. Þá annaðist hann stundakennslu við viðskiptadeild Háskóla Íslands 2002-2007 og 2012-2014 við lagadeild Háskólans á Bifröst. Auk þess hefur hann frá árinu 2017 kennt á námskeiði til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður og á réttindanámskeiði fyrir þá sem vilja öðlast löggildingu sem bifreiðasalar 2000-2001. Hann hefur verið leiðbeinandi í fjölda BA- og meistararitgerða við lagadeild Háskólans í Reykjavík og aðra háskóla. Þá hefur hann setið í ritstjórn Tímarits Lögréttu frá 2014 til 2022 og Bókaútgáfunnar Codex frá 1999 til 2007.

Eyvindur G. Gunnarsson hóf haustið 1999 kennslu við lagadeild Háskóla Íslands sem stundakennari. Hann varð í ársbyrjun 2005 lektor við deildina, fyrst í hlutastarfi, en í fullu starfi í árslok 2006, dósent árið 2010 og hefur verið prófessor þar frá árinu 2013. Helstu kennslugreinar hans hafa verið kröfuréttur, samningaréttur, alþjóðlegur einkamálaréttur, félagaréttur og eignaréttur. Þá kenndi hann á námskeiði til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður frá 2007 til 2021 og í námi til

löggildingar fasteignasala frá 1998 til 2022. Auk þess hefur hann leiðbeint fjölda nemenda við meistararitgerðir á háskólastigi.

Hlynur Jónsson kenndi verðbréfamarkaðsrétt og félagarétt sem stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 2007-2009. Einnig annaðist hann kennslu í þeim greinum og fleiri í MBA námi við Endurmenntunarstofnun skólans 2008. Hann hefur verið prófdómari og leiðbeint ritgerðarnemum við lagadeild Háskóla Íslands.

5.6.1.1 Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður

Þegar horft er til þess sem að framan er rakið hefur *Eyvoindur* sinnt kennslu í 25 ár en þar af í fullu starfi í rúm 17 ár. Stendur hann öðrum umsækjendum því framar í þessum matsþætti. Næstur á eftir honum kemur *Eiríkur Elís* en hann hefur sinnt kennslu í lögfræði á háskólastigi í um 12 ár að aðalstarfi. Þar á eftir kemur kemur *Arnaldur* sem sinnt hefur stundakennslu við lagadeild háskóla í um 15 ár og leiðbeint nemendum við skrif lokaritgerða. Hann stendur þó fyrrgreindum umsækjendum að baki þegar kemur að reynslu af kennslustörfum. *Daði* og *Hlynur* hafa báðir kennt lögfræði á háskólastigi en reynsla þeirra er talsvert minni en annarra umsækjenda. *Daði* stendur *Hlyni* þó framar í þessum þætti matsins.

5.6.2 Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.

Arnaldur Hjartarson hefur samið ritrýnt rit, „Evrópskur bankaréttur – og áhrif hans á íslenskan rétt“ þar sem fjallað er um reglur Evrópuréttar um bankastarfsemi og helstu áhrif þeirra á íslenskan rétt fyrir tilstuðlan EES-samningsins. Einnig hefur hann ritað átta fræðigreinar og fjóra bókarkafla, ýmist einn eða með öðrum, en tíu af þessum fræðiskrifum eru ritrýnd. Eru þau einkum á sviði fjármálaréttar og ESB/EES-réttar auk stjórnisýsluréttar, réttarfars, mannréttinda og réttarhagfræði. Þá hefur hann ritað fræðilega álitserð og haldið fyrirlestra um lögfræðileg efni við ýmis tækifæri, hér innan lands sem erlendis. Hann var fræðilegur ritstjóri *Fons juris* 2017-2019.

Daði Kristjánsson hefur ritað eina ritrýnda grein í norrænt lögfræðitímarit ásamt meðhöfundi.

Eiríkur Elís Þorláksson hefur ritað tvær bækur um lögfræði, „Alþjóðlegan einkamálarétt“ og „Bráðabirgðagerðir“ og eru þær báðar ritrýndar. Þá hefur hann ritað

14 ritrýndar greinar, tvo ritrýnda bókarkafli og tvo óritrýnda bókarkafli, bæði einn og sem meðhöfundur, sem birst hafa hér á landi og erlendis. Eru skrif hans einkum á sviði alþjóðlegs einkamálaréttar og fullnusturéttarfars. Hann hefur og flutt allmarga fyrirlestra, bæði hér á landi og erlendis, um ýmis lögfræðileg efni.

Eyvindur G. Gunnarsson hefur ritað bókina „Dómar í þinglýsingarmálum 1920-2010“ sem hann er einn höfundur að og er höfundur ásamt öðrum að bókunum „Kröfuréttur I“, „Kröfuréttur II“, „Þinglýsingalög – skýringarit“, „Kröfuréttur III“ og „Hrunréttur“. Þá hefur hann ritað yfir 40 greinar og bókarkafli í tímaritum og afmælisritum bæði hér á landi og erlendis og eru flestar greinanna ritrýndar. Þá hefur hann ritað viðamiklar skýrslur og álitsgerðir sem birst hafa opinberlega. Enn fremur hefur hann sinnt ritstjórn, ritrýnt tugi fræðilegra greina og þrjár bækur.

Hlynur Jónsson hefur flutt nýu fyrirlestra og erindi um lögfræðileg efni hér á landi og erlendis við ýmis tækifæri.

5.6.2.1 Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður

Í þessum þætti er lagt mat á hæfni umsækjenda á grundvelli fræðiskrifa þeirra, fyrst og fremst fræðigreina og annarra skrifa um lögfræðileg efni. Við matið er litið til gæða þeirra, fjölda, umfangs og fjölbreytni, auk þess sem horft er til þess hvort hlutaðeigandi umsækjandi hafi ritað efnið einn eða í samvinnu við aðra. Þá er loks höfð hliðsjón af fyrirlestrum sem umsækjendur hafa flutt um lögfræðileg efni á ráðstefnum, fundum eða öðrum áþekktum vettvangi. Síðastnefndi þátturinn er þó tiltölulega léttvægur í samanburði við fræðiskrif. Þrjú umsækjenda hafa verið afkastamiklir á fræðilegum vettvangi. Við mat á virkni þeirra er jafnframt litið til þess að skörunar gætur í nokkrum tilvikum milli birtra fræðigreina og efnis bóka, mismikið þó hjá einstökum umsækjendum.

Að öllu framangreindu virtu stendur *Eyvindur* framur öðrum umsækjendum í þessum hluta hæfnismats. Ritverk hans bera þess merki að hann hefur verið afkastamikill á fræðilegum vettvangi og á nokkuð fjölbreyttum réttarsviðum. Sama má segja um *Eirík Elís* sem stendur *Eyvindi* þó nokkuð að baki í þessum matsþætti. *Arnaldur* kemur þar næstur en fræðiskrif hans eru umfangsminni en tveggja

framangreindra umsækjenda. *Daði* hefur ritað eina fræðigrein í erlent lögfræðirit en *Hlynur* hefur ekki sinnt fræðiskrifum.

5.7 Reynsla af stjórnun

Arnaldur Hjartarson var formaður kæruneftndar jafnréttismála í rúm tvö ár, 2018-2020.

Daði Kristjánsson hefur verið í stjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma 2015-2020 og frá 2023. Hann var formaður Ákærendafélags Íslands 2015-2017 en var varaformaður félagsins 2010-2015 og meðstjórnandi 2007-2009. Þá sat hann í stjórn Félags löglærðra fulltrúa ákæruvalds 2004-2007.

Eiríkur Elís Þorláksson sat sem einn eigenda lögmannsstofunnar LEX í stjórn hennar 2006-2007. Hann var stjórnarformaður Stoða hf. 2009-2014 og hefur frá árinu 2019 setið í varstjórn félagsins. Þá sat hann í stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf. 2011-2013. Hann var einnig framkvæmdastjóri Tryggingasjóðs innstæðueigenda í nokkra mánuði eftir bankahrún árið 2008. Auk þessa hefur hann haft með hendi stjórnunarstörf í lagadeild Háskólans í Reykjavík og var deildarforseti hennar 2019-2024. Auk þess var hann deildarforseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík í nýu mánuði á árinu 2021 og var settur ad hoc deildarforseti verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík í einu máli á árinu 2022. Hann hefur verið formaður úrskurðarneftndar þjóðkirkjunnar í einu máli, er formaður Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands og var formaður fagráðs kaþólsku kirkjunnar á Íslandi 2011-2012.

Eyvindur G. Gunnarsson var deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands 2013-2016 og hefur verið varaformaður Lagastofnunar hans. Hann var stjórnarformaður Happraættis Háskóla Íslands 2007-2023. Hann sat í fjögur ár í aðalstjórn Samkeppniseftirlitsins, þar af sem formaður hennar um eins árs skeið og átta ár í varastjórn stofnunarinnar. Frá árinu 2015 hefur hann verið formaður ráðgjafarneftndar Fjármálaeftirlits Seðlabankans um hæfi stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, váttryggingamiðlana, váttryggingafélaga og lífeyrissjóða. Þá hefur hann verið formaður viðurlaganefndar Nasdaq Iceland hf. frá 2013.

Hlynur Jónsson stóð að rekstri lögmannsstofu frá því í ársbyrjun 2008 og þar til hann var skipaður héraðsdómari í júní 2021. Á árunum 2005-2008 var hann sviðsstjóri

verðbréfasviðs Fjármálaeftirlitsins og stýrði m.a. á þeim tíma fjölþjóðlegu teymi sérfræðinga við rannsókn á máli sem náði til nokkurra Evrópulanda. Árið 2009 var hann skipaður formaður í slitastjórnnum þriggja fjármálafyrirtækja, en því starfi fylgdu veruleg mannaforráð og stjórnunarverkefni. Þá var hann stjórnarformaður Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogs 2009-2012 og frá árinu 2015 hefur hann verið stjórnarformaður SPRON ehf.

5.7.1 *Reynsla af stjórnun – samanburður*

Í þessum þætti kemur til skoðunar reynsla umsækjenda af margvíslegum viðfangsefnum sem eiga það sameiginlegt að hafa falið í sér stjórnun í einni eða annarri mynd. Við mat á hæfni umsækjenda er litið til þess í hverju slík störf hafa verið fólgin, þar á meðal hversu góður undirbúningur felst í þeim fyrir starf landsréttardómara. Þá skiptir sömuleiðis máli hve lengi umsækjendur hafa sinnt slíkum störfum þar sem fyrstu árin vega sem endranær mun þyngra en árin sem á eftir fara.

Að þessu gættu standa *Eyvindur og Eiríkur Elís* jafnt og öðrum umsækjendum framur hvað varðar reynslu af stjórnun. Báðir hafa þeir langa og víðtæka reynslu af ýmsum stjórnunarstörfum innan ýmissa stofnana og nefnda. Einna þyngst vegur reynsla umsækjendanna tveggja af störfum þeirra sem deildarforsetar lagadeilda við Háskóla Íslands annars vegar og Háskólann í Reykjavík hins vegar. Á eftir þeim kemur *Hlynur* sem öðlast hefur þó nokkra reynslu af stjórnunarstörfum. Þar á eftir kemur *Arnaldur* og loks *Daði* en stjórnunarreynsla þeirra er óveruleg í samanburði við aðra umsækjendur.

5.8 *Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.*

Arnaldur Hjartarson var skipaður af viðskiptaráðherra í nefnd til að semja frumvarp til breytinga á einum kafla umferðarlaga árið 2008 og af atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra í nefnd til að endurskoða lög um verslunaratvinnu og semja frumvarp til breytinga á þeim árið 2014. Þá var hann 2015 skipaður af stjórnarskrárnefnd í hóp sérfræðinga til að semja tillögu að afmarkaðri breytingu á stjórnarskránni.

Enn fremur situr hann í stjórn Réttarhagfræðifélags Íslands og hefur átt sæti í stjórn Dómarafélags Íslands frá 2021.

Daði Kristjánsson var starfshópi árið 2022 um vinnslu nýrrar aðgerðaráætlunar um meðferð kynferðisbrota sem tók gildi í upphafi árs 2023. Einnig var hann í samráðshópi um meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins sem skilaði ráðherra tillögu um aðgerðir 2016. Hann var í nefnd 2015 um meðferð kærumála og kvartana á hendur lögreglu sem samdi frumvarp sem varð að lögum nr. 62/2016 um breytingar á lögreglulögum. Hann var 2013 í starfshópi til að undirbúa tillögur til innanríkisráðherra um verklagsreglur sem varða m.a. réttarstöðu lögreglumanna og fangavarda, réttindi brotaþola o.fl. Umsækjandinn sat 2011 í vinnuhópi um gerð reglna um sérstakar aðferðir og aðgerðir lögreglu við rannsókn sakamála og var fulltrúi í starfshópi sem var skipaður til að semja frumvarp að lögum um nálgunarbann og brottvísun af heimili. Enn má telja að hann var fulltrúi í vinnuhópi ríkislögreglustjórans vegna umbóta og viðhalds á lögreglukerfinu LÖKE 2008-2011. Meðal félagsstarfa hans má nefna að hann var formaður Ákærendafélags Íslands 2015-2017, varaformaður 2010-2015 og meðstjórnandi 2007-2009.

Eiríkur Elís Þorláksson hefur setið í réttarfarfsnefnd frá árinu 2022 og aðstoðaði við gerð frumvarps er síðar varð að lögum nr. 84/2007 um opinber innkaup. Þá hefur hann komið fyrir þingnefndir og veitt álit um lagafrumvörp. Hann hefur að lágmarki sextíu sinnum verið dómkvaddur sem matsmaður og yfirmatsmaður í skaðabótamálum og samið mikinn fjölda matsgerða í slíkum málum. Einnig hefur hann verið tilnefndur sem sérfræðivitni í erlendum dómsmálum í Englandi, Lúxemborg, Þýskalandi og Svíþjóð en málin vörðuðu skýringar á ákvæðum íslenskra laga á ýmsum réttarsviðum. Hann var framkvæmdastjóri Bókaútgáfunnar Codex (áður Bókaútgáfa Orators) 1999-2001 og sat í stjórn útgáfunnar 2002-2007, þar af sem formaður 2005-2007. Þá var hann formaður handknattleiksdeildar Gróttu 2009-2014.

Eyvindur G. Gunnarsson hefur reynslu af samningu lagafrumvarpa fyrir ráðuneyti, ýmist einn eða með öðrum, auk þess sem hann hefur verið óformlega til ráðgjafar. Þá hefur hann setið í nefndum og verið starfsmaður nefnda sem hafa haft það hlutverk að semja lagafrumvörp. Hefur hann þannig komið að vinnu við 14 lagafrumvörp á ýmsum sviðum. Hann hefur verið dómkvaddur sem matsmaður eða

yfirmatsmaður í um 60 málum, einkum málum vegna líkamstjóna, en einnig um flókin álitafni, svo sem fasteignaréttindi, vatnsréttindi, landskipti, útboð vegna einkavæðingar o.fl. Einnig var hann margoft sérfræðivitni (um 20 mál) til að bera um inntak íslensks réttar fyrir erlendum dómstólum í kjölfar bankahrunsins haustið 2008, fyrst og fremst í Englandi og Bandaríkjunum, en einnig í Lúxemborg, Hollandi, Kanada og Sviss. Einnig hefur hann tvívegis verið sérfræðivitni um íslenskan rétt fyrir gerðardómi Alþjóða verslunarráðsins (International Chamber of Commerce). Þá hefur hann samið fjölda álitsgerða, bæði fyrir opinberar stofnanir og einkaaðila, sem sumar hafa birst opinberlega. Hann var lögfræðilegur ráðgjafi rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og rannsóknarnefndar Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparísjóðanna. Jafnframt var hann lengi ráðgjafi Kauphallar Íslands (síðar Nasdaq Iceland), einkum í tengslum við bankahrúnið.

Hlynur Jónsson átti meðan hann starfaði hjá Fjármálaeftirlitinu sæti í nefnd forsætisráðherra um viðurlög við efnahagsbrotum og skilaði nefndin m.a. af sér drögum að frumvarpi til laga um viðurlög á fjármálamarkaði sem hann átti þátt í að semja. Þá sat hann á sama tíma í nefndum skipuðum af iðnaðar- og viðskiptaráðherra til að semja drög að frumvörpum að nýjum lögum um verðbréfavíðskipti og kauphallir. Hlynur hefur setið í stjórn Dómarafélags Íslands frá árinu 2023.

5.8.1 Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður

Samkvæmt því sem að framan hefur verið rakið er *Eyvindur* fremstur umsækjenda í þessum þætti hæfnismats, þá *Eiríkur Elís*. Því næst kemur *Arnaldur*, þá *Hlynur* og loks *Daði*.

5.9 Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál, sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5.9.1 *Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu*

Hvað þennan þátt hæfnismats varðar hafa umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Að mati dómnefndar skiptir einkum máli þegar lagt er mat á hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu hver sé reynsla hans af dóms- og málflutningsstörfum. Enn fremur hvert sé framlag hans í formi kennslu á háskólastigi og fræðiskrifa á sviði réttarfars sem og aðkoma hans að samningu lagafrumvarpa á því sviði, enda séu síðastnefndu framlögin veruleg.

Að þessu virtu er það mat dómnefndar að *Eiríkur Elís* hafi fjölbreyttasta reynslu af réttarfari en hann hefur meðal annars starfað sem lögmaður um árabil, kennt einkamálaréttarfar, fullnusturéttarfar og skuldaskilarétt við lagadeild Háskólans í Reykjavík og átt sæti í réttarfarsnefnd. Að áliti nefndarinnar hafa *Arnaldur*, *Daði* og *Hlynur* með framangreindum störfum sínum öðlast slíkt vald á réttarfarsreglum að þeir standi jafnt í þessum þætti hæfnismati. Reynsla *Eyvindar* af beitingu réttarfarsreglna telst minni en annarra umsækjenda.

5.9.2 *Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi*

Dómnefnd telur að ályktun um þessi atriði verði einkum dregin af þeim störfum sem umsækjendur hafa gegnt á liðnum árum. Með tilliti til starfsreynslu þeirra svo og af því sem fram kom í viðtölum við umsækjendur, lítur nefndin svo á að þeir séu allir hæfir til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál sem þeim eru fengin bæði skjótt og vel. Ekkert er fram komið sem gefur tilefni til að gera upp á milli þeirra að því er þetta varðar.

6. Færni umsækjenda til að semja dóma

Í 4. gr. reglna nr. 970/2020 er m.a. vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að greina aðalatriði frá aukaatriðum. Enn fremur að hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma. Af dómsúrlausnum umsækjanda

og eftir atvikum stefnum, greinargerðum og stjórnisýsluúrskurðum er unnt að draga ályktanir um hversu vel hann þekkir til réttarreglna, þar með talið réttarfarsreglna svo og hæfni hans við að beita þeim lögum og öðrum réttarheimildum sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandi á með að reifa málsatvik og greina ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði. Það hversu vel umsækjandi hefur tileinkað sér þessi atriði má ætla að hafi mikið forspárgildi við mat á hæfni hans til að semja drög að atkvæðum í Landsrétti sem er mikilvægasta verkefni dómara réttarins. Hið sama á við um fræðileg framlög umsækjenda og aðra umfjöllun þeirra um lögfræðileg álitafni. Í samræmi við þetta hefur dómnefnd lagt mat á færni hvers og eins umsækjanda til að semja dómsúrlausnir.

Arnaldur Hjartarson:

Arnaldur var settur héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 16. september 2013 til 1. janúar 2014 en skipaður dómari þar í ársbyrjun 2018. Hann hefur starfað sem héraðsdómari við þann dómstól síðan utan þess að frá árinu 2019 og fram á haust 2020 starfaði hann sem héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness. Þá starfaði Arnaldur sem aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt í eitt ár og í hálf þriðja ár sem aðstoðarmaður dómara við EFTA-dómstólinn. Frá október 2018 til loka árs 2020 var hann formaður kærunefndar jafnréttismála.

Nefndin tók til sérstakrar skoðunar 12 dómsúrlausnir sem Arnaldur hefur samið sem héraðsdómari, þar af eru tvær úrlausnir þar sem hann var dómsformaður í fjölskipuðum héraðsdómi. Í ellefu af þessum úrlausnum var leyst úr einkamálum og í einni úr sakamáli. Fjórar dómsúrlausnirnar sættu endurskoðun af hálfu Hæstaréttar en hinar átta sættu endanlegri endurskoðun Landsréttar. Dómsúrlausnir sem Arnaldur hefur samið og teknar voru til skoðunar eru almennt vel upp byggðar, ritaðar á góðu máli og bera vott um vönduð vinnubrögð. Málavöxtum, málsástæðum og lagarökum aðila er þar lýst skilmerkilega og rökstuðningur fyrir niðurstöðu góður og ítarlegur. Þar sem best tekst til sýnir umsækjandinn góða hæfni við greiningu þeirra álitamála sem á reynir. Margar úrlausna Arnaldar hafa verið til umfjöllunar í

Hæstarétti eins og ráða má af framangreindu yfirliti þar sem efnisdómur hefur verið felldur á málin.

Þegar lagt er mat á hvaða forspárgildi framangreindar dómsúrlausnir Arnaldar hafa um færni hans til að semja drög að atkvæðum í Landsrétti er til þess að líta að hann hefur að jafnaði staðið einn að flestum þeirra og þ.a.l. borið einn ábyrgð á forsendum þeirra og niðurstöðum. Á hinn bóginn hefur hann ekki reynt af dómstörfum á áfrýjunarstigi en samning dómsúrlausna við slíka dómstóla felur í sér endurskoðun dómsúrlausnar sem þegar liggur fyrir og lýtur þannig nokkuð öðrum lögmaálum en í héraði. Þá ber að líta til þess að Arnaldur hefur kveðið upp dóma bæði í einkamálam og sakamálam á fjölbreyttum réttarsviðum, þó mun meira í einkamálam. Dómsúrlausnir Arnaldar í sakamálam eru frá fyrstu árum dómaraferils hans og verður tekið tillit til þess við matið.

Margar af þeim dómsúrlausnum Arnaldar sem dómnefndin hefur skoðað og lagt mat á eru í umfangsmiklum og flóknum eða frekar flóknum einkamálam þar sem verulega hefur reynt á hæfni hans til að semja dóma. Niðurstöður hans hafa í meginatriðum staðist vel endurskoðun æðri dómstóla. Ekki verður annað séð en að honum hafi tekist að virða þau tímamörk sem sett eru í lögum um einkamál og sakamál til að kveða upp dóm eftir dómtöku.

Allar framangreindar dómsúrlausnir Arnaldar gefa að mati dómnefndar til kynna að hann hafi góð tækni á einkamálaréttarfari og sakamálaréttarfari og hafi yfir að ráða góðri færni til að semja drög að dómsatkvæðum í Landsrétti. Í þessum matsþætti var einnig litið til annarra ritsmíða Arnaldar og bera þær með sér að hann sé vel fær um að starfa í Landsrétti.

Daði Kristjánsson:

Daði var skipaður dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur í janúar 2018 og hefur gegnt því starfi síðan. Hann starfaði að loknu laganámi sem löglærður fulltrúi hjá sýslumanninum á Ísafirði í tæp tvö ár en frá desember 2002 á ákæru- og rannsóknarsviði lögreglustjórans í Reykjavík. Frá upphafi árs 2007 til loka apríl 2008 var hann aðstoðarsaksóknari hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu en á því tímabili var hann settur saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara í þrjá og hálfan

mánuð. Frá 1. maí 2008 var hann settur saksóknari við embætti ríkissaksóknara en skipaður í það embætti 16. maí 2010. Á því tímabili starfaði hann í eitt ár hjá umboðsmanni Alþingis.

Nefndin tók til sérstakrar skoðunar 12 dómsúrlausnir sem Daði hefur samið sem héraðsdómari, ýmist einn eða sem dómsformaður í fjölskipuðum dómi. Í þessum málum voru héraðsdómar Daða að jafnaði vel skrifaðir og ítarleg og í flestum tilvikum vönduð lögfræðileg rök færð fyrir niðurstöðu, einnig í þeim tilvikum þegar Landsréttur rökstuddi niðurstöðu með öðrum hætti en héraðsdómari. Sérstaklega á þetta við um sakamál sem Daði hefur dæmt. Niðurstöður Daða um sönnunatriði og lagaatriði voru í flestum tilvikum staðfestar, þar með talið niðurstöður um réttarfarsleg atriði. Ekki voru gerðar athugasemdir við málsmeðferð í héraði í þessum málum.

Þegar lagt er mat á hvaða forspárgildi framangreindar dómsúrlausnir Daða hafa um færni hans til að semja drög að atkvæðum í Landsrétti er til þess að líta að hann hefur að jafnaði staðið einn að flestum þeirra og þ.a.l. borið einn ábyrgð á forsendum þeirra og niðurstöðum. Á hinn bóginn hefur hann ekki reynslu af dómstörfum á áfrýjunarstigi en samning dómsúrlausna við slíka dómstóla felur í sér endurskoðun dómsúrlausnar sem þegar liggur fyrir og lýtur þannig nokkuð öðrum lögmálum en í héraði. Þá ber að líta til þess að dómar sem Daði hefur samið einn eða sem dómsformaður í fjölskipuðum héraðsdómi á fjölbreyttum réttarsviðum, meira þó í sakamálum en einkamálum. Ekki verður annað séð af þeim dómum sem skotið hefur verið til Landsréttar en að Daða hafi tekist að virða þau tímamörk sem sett eru í lögum um einkamál og sakamál til að kveða upp dóm eftir dómtöku. Eftir ábendingu hefur nefndin skoðað þrjá óáfrýjanda dóma Daða í sakamálum þar sem vísað var til 184. gr. laga nr. 88/2008 varðandi uppkvaðningu dóms. Allar framangreindar dómsúrlausnir Daða gefa að mati dómnefndar til kynna að hann hafi góð tök á einkamálaréttarfari og sakamálaréttarfari og hafi yfir að ráða færni sem þarf til að semja drög að dómsatkvæðum í Landsrétti.

Eiríkur Elís Þorláksson:

Eiríkur Elís hefur verið varamaður í Endurupptökudómi frá 1. febrúar 2021. Hann hefur tekið sæti þar sem dómari í 30 málum en samið drög að úrskurðum í 12 málum. Hann hefur þrisvar sinnum tekið sæti sem settur dómari við Landsrétt. Í einu þessara mála kveðst hann hafa samið drög að atkvæði að beiðni dómsformanns. Þá hefur hann setið sem gerðardómari í fjölskipuðum gerðardómi í umfangsmiklu máli og samið nokkurn hluta af dómi. Umsækjandinn starfaði jafnframt um árabíl sem lögmaður og hefur öðlast réttindi til flutnings mála fyrir Hæstarétti. Þar sem dómsúrlausnir sem Eiríkur Elís hefur samið drög að eru tiltölulega fáar í samanburði við aðra umsækjendur taldi dómnefndin rétt í þessum matsþætti að leggja mat á hversu vel honum hefur tekist til við ritun greinargerða í dómsmálum.

Eiríkur Elís hefur sem fyrr segir eingöngu setið sem dómari í fjölskipuðum dómi, þ.e.a.s. í Endurupptökudómi og Landsrétti. Dómsúrlausnir hans sem dómnefndin hefur skoðað hafa því ekki sætt endurskoðun og þar af leiðandi er ekki unnt að skoða þær og meta í ljósi þess hvernig þær hafa staðist fyrir æðri dómi. Ljóst er að samning dómsúrlausna á dómstigunum þremur og fyrir Endurupptökudómi lúta nokkuð mismunandi lög málum. Héraðsdómari situr að jafnaði einn í dómi og þarf að skilgreina málsatvik og málsástæður frá grunni svo og komast að niðurstöðu um réttarfarsatriði, sönnunaratriði og lagaatriði og færa rök fyrir henni. Á æðri dómstigum og fyrir Endurupptökudómi hefur málið hins vegar þroskast og ágreiningsefni oft orðin færri og afmarkaðri. Á þetta sérstaklega við um úrlausn mála fyrir Endurupptökudómi þar sem einkum reynir á hvort uppfyllt séu þröng skilyrði laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála fyrir því að fallist verði á beiðni um endurupptöku.

Eiríkur Elís hefur samkvæmt framansögðu talsverða reynslu af samningu draga að dómsniðurstöðu í fjölskipuðum Endurupptökudómi. Þar sem að nokkru leyti reynir á sambærileg lögfræðileg úrlausnarefni við úrlausn mála þar og við samningu draga að atkvæði í Landsrétti má ætla að úrskurðir sem hann hefur samið drög að í Endurupptökudómi hafi talsvert forspárgildi um færni hans til starfa sem dómari í Landsrétti og sérstaklega til að semja drög að dómsatkvæðum þar. Á móti kemur þó að gagnstætt því sem gildir að jafnaði um samningu héraðsdóma er samning dómsúrlausna í fjölskipuðum dómi teymisvinna þar sem allir dómara leggja eitthvað

að mörkum til endanlegs dóms þótt þáttur frummælanda sé að jafnaði umfangsmestur. Dómsúrlausnir í málum sem Eiríkur Elís kveðst hafa verið frummælandi í verður að skoða og meta í því ljósi að hann hefur ekki staðið einn að þeim.

Þar sem ekki er unnt að meta færni Eiríks Elíss við samningu dómsúrlausna með hliðsjón af því hvernig þeim hefur reitt af fyrir æðri dómi verður fyrst og fremst litið til þess hversu vel dómsúrlausnir sem hann kveðst hafa samið drög að eru byggðar upp, hvort gerð sé grein fyrir málsatvikum með sjálfstæðum hætti og röksemdum aðila með skýrum og skiljanlegum hætti svo og hversu vandaðar niðurstöður um form, sönnunatriði og lagaatriði eru.

Með úrtaki því sem að framan greinir hefur dómnefnd lagt grunn að mati á hæfni umsækjanda til að semja dóma. Sakarefni þeirra úrskurða sem leyst var úr í endurupptökudómi voru þrjú fremur einföld úrlausnar en tvö þeirra flóknari (EDU 28/2022 og EDU 18/2021). Þeir úrskurðir Endurupptökudóms sem Eiríkur Elís hefur vísað til í umsókn sinni og dómnefndin hefur skoðað sérstaklega eru bæði á sviði einkamála og sakamála. Við mat á því hversu mikið forspárgildi þessir úrskurðir hafa um færni hans til að semja drög að atkvæðum í Landsrétti verður þó að líta til þess að hlutverk Endurupptökudóms er fyrst og fremst að meta hvort skilyrði ákvæða laga nr. 91/1991 og 88/2008 til að heimila endurupptöku eru uppfyllt. Þótt Endurupptökudómur starfi á afmörkuðu sviði hefur nefndin tekið tillit til þess að þar reynir á nákvæma greiningu sakarefna og góðan skilning á sönnunarmati og málsmeðferðarreglum á sviði einkamála og sakamála. Þá eru úrskurðirnir skýrir og skipulega fram settir.

Þær greinargerðir sem litið hefur verið til bera vott um að vandað hafi verið til verka við gerð þeirra. Þær eru skilmerkilega fram settar, ritaðar á góðu máli og færð gild lögfræðileg rök fyrir málstað þeirra aðila sem hlut eiga að máli. Jafnframt er þar fjallað um þau atriði sem hafa þýðingu við úrlausn viðeigandi máls. Þá telst það mikill kostur að þær eru án nokkurra málalenginga og aldrei úr hófi langar auk þess sem í þeim eru þau lögfræðilegu atriði sem á reynir í málunum greind með skýrum hætti. Þeir úrskurðir Endurupptökudóms sem Eiríkur Elís kveðst hafa samið atkvæði og dómnefndin hefur skoðað sérstaklega svo og greinargerðir sem hann hefur ritað í

dómsmálum benda til þess að hann hafi góð tæk á einkamálaréttarfari og sakamálaréttarfari og hafi yfir að ráða góðri færni til að semja drög að dómsatkvæðum í Landsrétti. Í þessum matsþætti var einnig litið til annarra ritsmíða Eiríks og bera þær með sér að hann sé vel fær um að starfa í Landsrétti.

Eyvindur G. Gunnarsson:

Eyvindur hefur starfað sem dómari við Endurupptökudóm frá því hann tók til starfa 1. febrúar 2021. Þá hefur hann verið settur dómari í Hæstarétti í alls tíu málum, í einu máli í Landsrétti og kveðst hafa setið í alls fimm gerðardómum, þar af verið dómsformaður í fjórum málum. Eyvindur átti sæti í áfrýjunarnefnd neytendamála á árunum 2007 til 2013 og var varaformaður úrskurðarnefndar frístundahúsamála á árunum 2008 til 2010. Hann hefur gegnt ýmsum öðrum trúnaðarstörfum þar sem reynt hefur á úrlausn lögfræðilegs ágreinings svo sem í stjórn Samkeppniseftirlitsins þar sem hann var um skeið stjórnarformaður.

Í umsókn Eyvindar er að finna yfirlit yfir tíu dóma Hæstaréttar í málum sem hann hefur verið settur dómari í, þar af kveðst hann hafa samið drög að atkvæði í tveimur málum. Þá er þar að finna yfirlit yfir 55 úrskurði Endurupptökudóms í málum sem hann hefur verið einn þriggja dómara en alls kveðst hann hafa setið í dómi þar í 56 málum. Þar af kveðst hann hafa farið með atkvæði í 14 málum. Loks er þar yfirlit yfir 88 úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála. Að auki hefur Eyvindur verið settur dómari í Landsrétti í einu máli og afhent nefndinni ákvörðun viðurlaganefndar Nasdaq Iceland sem hann kveðst hafa samið sem formaður nefndarinnar.

Eyvindur hefur eingöngu setið sem dómari í fjölskipuðum dómi, þ.e.a.s. í Endurupptökudómi, Hæstarétti og Landsrétti. Dómsúrlausnir sem hann hefur staðið að hafa því ekki sætt endurskoðun ef undan er skilinn dómur í landsréttarmálinu sem hann sat í sem var ómerktur vegna vanhæfis samdómenda hans. Þar af leiðandi er ekki unnt að skoða þær og meta í ljósi þess hvernig þær hafa staðist fyrir æðri dómi. Ljóst er að samning dómsúrlausna á dómstigunum þremur og fyrir Endurupptökudómi lýtur nokkuð mismunandi lögmálum. Héraðsdómari situr að jafnaði einn í dómi og þarf að skilgreina málsatvik og málsástæður frá grunni svo og komast að niðurstöðu um réttarfarsatriði, sönnunatriði og lagaatriði og færa rök fyrir henni. Á æðri dómstigum og fyrir Endurupptökudómi hefur málið hins vegar þroskast og

ágreiningsefni oft orðin færri og afmarkaðri. Á þetta sérstaklega við um úrlausn mála fyrir Endurupptökudómi þar sem einkum reynir á hvort uppfyllt séu þröng skilyrði laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála fyrir því að fallist verði á beiðni um endurupptöku.

Eyvindur hefur samkvæmt framansögðu talsverða reynslu af samningu draga að dómsniðurstöðum í fjölskipuðum Endurupptökudómi. Þar sem að nokkru leyti reynir á sambærileg lögfræðileg úrlausnarefni við úrlausn mála þar og við samningu draga að atkvæði í Hæstarétti má ætla að úrskurðir sem hann hefur samið drög að í Endurupptökudómi hafi talsvert forspárgildi um færni hans til starfa sem dómari í Landsrétti og sérstaklega til að semja drög að dómsatkvæðum þar. Á móti kemur þó að gagnstætt því sem gildir að jafnaði um samningu héraðsdóma er samning dómsúrlausna í fjölskipuðum dómi teymisvinna þar sem allir dómáramur leggja eitthvað að mörkum til endanlegs dóms þótt þáttur frummælanda sé að jafnaði umfangsmestur. Dómsúrlausnir í málum sem Eyvindur kveðst hafa verið frummælandi í verður að skoða og meta í því ljósi að hann hefur ekki staðið einn að þeim.

Þar sem ekki er unnt að meta færni Eyvindar við samningu dómsúrlausna með hliðsjón af því hvernig þeim hefur reitt af fyrir æðri dómi er fyrst og fremst litið til þess hversu vel dómsúrlausnir sem hann kveðst hafa samið drög að eru byggðar upp, hvort gerð sé grein fyrir málsatvikum með sjálfstæðum hætti og röksemdum aðila með skýrum og skiljanlegum hætti svo og hversu vandaðar niðurstöður um form, sönnunatriði og lagaatriði eru.

Þeir úrskurðir Endurupptökudóms sem Eyvindur hefur vísað til í umsókn sinni og dómnefndin hefur skoðað sérstaklega eru bæði á sviði einkamála og sakamála. Við mat á því hversu mikið forspárgildi þessir úrskurðir hafa um færni hans til að semja drög að atkvæðum í Landsrétti verður þó að líta til þess að hlutverk Endurupptökudóms er fyrst og fremst að meta hvort skilyrði ákvæða laga nr. 91/1991 og 88/2008 til að heimila endurupptöku eru uppfyllt. Í slíkum málum reynir hins vegar jafnframt á nákvæma greiningu sakarefna og góðan skilning á sönnunarmati og málsmeðferðarreglum á sviði einkamála og sakamála.

Þeir úrskurðir Endurupptökudóms og dómar Hæstaréttar í málum sem Eyvindur kveðst hafa samið atkvæði og dómnefndin hefur skoðað sérstaklega benda til þess að hann hafi góð tök á einkamálaréttarfari og sakamálaréttarfari og hafi yfir að ráða góðri færni til að semja drög að dómsatkvæðum í Landsrétti. Í þessum matsþætti var einnig litið til annarra ritsmíða Eyvindar og bera þær með sér að hann sé vel fær um að starfa í Landsrétti.

Hlynur Jónsson:

Hlynur hefur starfað sem héraðsdómari við Héraðsdóm Norðurlands eystra frá árinu 2021. Hann starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofum í um fimm ár og sem lögmaður í um 13 ár frá 2008 til 2021. Á þeim tíma starfaði hann í slitastjórnnum þriggja fjármálafyrirtækja.

Nefndin tók til sérstakrar skoðunar 11 dómsúrlausnir sem Hlynur hefur samið sem héraðsdómari, ýmist einn eða sem dómsformaður í fjölskipuðum dómi. Í framangreindum málum voru héraðsdómar Hlyns að jafnaði nokkuð vel skrifaðir og í flestum tilvikum ítarleg og vönduð lögfræðileg rök færð fyrir niðurstöðu, einnig í þeim tilvikum þegar Landsréttur rökstuddi niðurstöðu með öðrum hætti en héraðsdómari. Í þeim málum sem skotið var til Landréttar voru niðurstöður Hlyns um sönnunaratriði og lagaatriði oftast staðfestar, þar með talið niðurstöður um réttarfarsleg atriði. Ekki voru gerðar athugasemdir við málsmeðferð í héraði í þeim málum sem dómnefndin skoðaði utan þess að í landsréttarmáli nr. 803/2021 var úrskurður Hlyns í skiptamáli sem rekið var til fjárslita milli hjóna ómerktur af þeim sökum að úrskurðurinn var ekki kveðinn upp innan fjögurra vikna frá því að málið var lagt í úrskurð og ekki farið að fyrirmælum 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Þá fékk Hlynur aðfinnslur vegna tiltekinna ummæla sinna í úrskurði sem var til endurskoðunar í landsréttarmáli nr. 132/2024.

Þegar lagt er mat á hvaða forspárgildi framangreindar dómsúrlausnir Hlyns hafa um færni hans til að semja drög að atkvæðum í Landsrétti er til þess að líta að hann hefur að jafnaði staðið einn að flestum þeirra og þ.a.l. borið ein ábyrgð á forsendum þeirra og niðurstöðum. Á hinn bóginn hefur ekki reynslu af dómstörfum á áfrýjunarstigi en samning dómsúrlausna við slíka dómstóla felur í sér endurskoðun

dómsúrlausnar sem þegar liggur fyrir og lýtur þannig nokkuð öðrum lögmálum en í héraði. Þá ber að líta til þess að dómur sem Hlynur hefur samið einn eða sem dómsformaður í fjölskipuðum héraðsdómi eru á fjölbreyttum réttarsviðum, jafnt í sakamálum sem einkamálum. Úrskurðir hans sem til endurskoðunar hafa verið í Landsrétti í kærumálum hafa verið á sviði almennra einkamála, ýmiss konar ágreiningsmála og fullnustumála og undir rannsókn sakamála.

Í tveimur dómsúrlausnum Hlyns sem til endurskoðunar hafa verið fyrir Landsrétti tókst honum ekki fyllilega að fara eftir fyrirmælum sem sett eru í lögum um meðferð einkamála og sakamála um fresti til að kveða upp úrskurð eftir að mál er tekið til úrskurðar. Þess ber þó að geta að þessar dómsúrlausnir eru frá fyrsta starfsári hans sem héraðsdómara.

Framangreindar dómsúrlausnir Hlyns gefa að mati dómnefndar til kynna að hann hafi góð tök á einkamálaréttarfari og sakamálaréttarfari og hafi yfir að ráða færni sem þarf til að semja drög að dómsatkvæðum í Landsrétti.

Samanburð á umsækjendum í þessum matsþætti er að finna í niðurstöðukaflanum.

7. Niðurstaða dómnefndar

Verkefni dómnefndar skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla er að taka afstöðu til þess hver eða eftir atvikum hverjir umsækjenda séu hæfastir til að gegna embætti setts landsréttardómara sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 970/2020. Sjónarmiðin hljóta eðli máls samkvæmt að hafa mismunandi vægi innbyrðis en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum.

Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu og málefnalegu mati á verðleikum umsækjenda í samræmi við ákvæði laga nr. 50/2016, reglna nr. 970/2020 og stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Við það mat skiptir mestu máli að umsækjendur hafi til að bera almenna og viðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni sem þarf til að gegna starfi landsréttardómara. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum landsréttardómara vegur þyngst að þeir búi yfir fjölbreyttri og staðgóðri reynslu af störfum sem ætla má að hafi forspárgildi um hæfni

þeirra til að gegna starfi dómara við Landsrétt. Starfsreynsla sem þykir hafa mest forspárgildi er reynsla af dómstörfum, lögmanns- og málflutningsstörfum og þeim stjórnáslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Við þetta mat hefur ekki einungis þýðingu hversu löng starfsreynslan er heldur jafnframt hversu fjölbreytt verkefni á sviði lögfræði umsækjendur hafa fengist við, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum réttarsviðum. Þá vegur reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi, þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki. Þótt farsæl starfsreynsla gefi mikilsverðar vísbendingar um hæfni umsækjanda koma þó önnur atriði einnig til álita, ekki síst færni hans við lögfræðilega greiningu á álitamálum sem leysa þarf úr fyrir dómi.

Dómnefndin hefur rætt við alla umsækjendur og kallað eftir umsögnum um þá frá umsagnaraðilum sem þeir hafa sjálfir bent á. Litið var til upplýsinga sem komu fram í viðtölum og umsögnum við heildarmat dómnefndar á hæfni umsækjenda.

Ef litið er til þeirra matsþátta, sem fjallað er um í köflum 5.1. – 5.8 og 5.9.1, þar sem reynsla af dómstörfum, lögmanns- og málflutningsstörfum og stjórnáslustörfum vege þyngst en reynsla af fræðistörfum og kennslu á sviði lögfræði hefur jafnframt talsvert vægi, er það niðurstaða dómnefndar að umsækjendur hafi allir öðlast þá lögfræðilegu þekkingu og færni sem gera verður kröfu um að landsréttardómari hafi til að bera og séu vel hæfir til að gegna því embætti.

Umsækjendur hafa allir fjölbreytta reynslu af störfum sem eru til þess fallin að nýttast í starfi landsréttardómara en starfsreynsla þeirra á einstökum sviðum sem reynir á í matinu er þó nokkuð mismunandi löng og víðtæk.

Allir hafa þeir reynslu af dómstörfum, þeir *Arnaldur*, *Daði* og *Hlynur* sem héraðsdómarar en þeir *Eiríkur Elís* og *Eyvindur* sem dómarar í hlutastarfi við Endurupptökudóm þar sem þeir hafa samið drög að svipuðum fjölda úrskurða. Eyvindur hefur að auki tveggja ára starfsreynslu sem aðstoðarmaður héraðsdómara. Þá hefur *Eyvindur* auk þess tekið sæti í Hæstarétti í 10 málum og í einu máli í Landsrétti en *Eiríkur Elís* í þremur málum í Landsrétti. *Arnaldur* þykir standa fremstur í þessum þætti hæfnismatsins en hann hefur verið héraðsdómari í tæp sjö ár samanlagt auk þess að hafa verið aðstoðarmaður hæstaréttardómara og við EFTA-dómstólinn.

Næstur er *Daði* sem hefur verið héraðsdómari í rúm sex og hálfu ári. Þar á eftir kemur *Hlynur* sem hefur verið héraðsdómari í rúm þrjú ár. Dómarareynsla þeirra *Eyvindar* og *Eiríks Elíss* verður metin svipuð en *Eiríkur Elís* stendur *Eyvindi* þó skammt að baki.

Eiríkur Elís og *Hlynur* hafa mesta reynslu af lögmannsstörfum og standa þar jafnir að vígi að mati dómnefndar. Næstur á eftir þeim kemur *Daði* með áralanga reynslu af sækjendastörfum. *Eyvindur* hefur nokkra reynslu af lögmannsstörfum og kemur næstur fyrrgreindum umsækjendum í þessum matsþætti og loks *Arnaldur* sem starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofu í skamman tíma.

Umsækjendur hafa allir starfað í stjórnslu. *Daði* hefur fengist þeirra lengst við stjórnslustörf, m.a. sem saksóknari, og stendur öðrum umsækjendum því framar í þeim matsþætti. Aðrir umsækjendur búa yfir margvíslegri en ólíkri reynslu af stjórnslustörfum og verður ekki gert upp á milli þeirra að mati dómnefndar.

Umsækjendurnir *Eyvindur* og *Eiríkur Elís* hafa haft kennslu í lögfræði að aðalstarfi um árabil. *Eyvindur* hefur lengsta starfsreynslu sem háskólakennari að aðalstarfi og er því fremstur í þessum matsþætti en *Eiríkur Elís* hefur einnig langa starfsreynslu á því sviði og stendur honum næstur. *Arnaldur* hefur starfað talsvert við kennslu í lögfræði en stendur þeim þó nokkuð að baki í þessum matsþætti. Þeir *Daði* og *Hlynur* hafa báðir verið stundakennarar í lögfræði á háskólastigi en hafa talsvert minni kennslureynslu en aðrir umsækjendur. *Daði* stendur *Hlyni* þó framar í þessum þætti matsins.

Þeir *Eyvindur* og *Eiríkur Elís* hafa báðir verið virkir í fræðistörfum og ritað fjölda ritrýndra og óritrýndra fræðigreina, bókarkafna og bóka um lögfræði á nokkuð fjölbreyttum réttarsviðum. *Eyvindur* hefur verið nokkuð afkastameiri en *Eiríkur Elís* og stendur honum því framar. Fræðiskrif *Arnaldar* eru umfangsminni en tveggja framangreindra umsækjenda. *Daði* hefur ritað eina fræðigrein en *Hlynur* hefur ekki komið að fræðiskrifum á sviði lögfræði og rekur því lestina í þessum matsþætti.

Aðrir þættir sem þýðingu hafa við mat á hæfni umsækjenda hafa minna vægi en þeir sem að framan eru taldir. Umsækjendurnir *Arnaldur*, *Eiríkur Elís*, *Eyvindur* og *Hlynur* hafa nokkuð svipaða stöðu hvað menntun varðar en allir eru þeir með embættispróf í lögfræði og að auki meistaragráðu. *Arnaldur* stendur þeim þó eilítið framar en hann hefur lagt stund á frekara nám á háskólastigi. *Daði* rekur lestina í

Þessum matsþætti. Dómnefndin telur *Eirík Elís* og *Eyvind* hafa mesta stjórnunarreynslu en báðir hafa verið forsetar lagadeildar í háskóla. *Eyvindur* þykir hafa mesta reynslu af öðrum störfum sem nýst geta í störfum landsréttardómara en *Eiríkur Elís* hefur umfangsmestu reynsluna af réttarfari en hann hefur auk starfa við lögmennsku kennt réttarfarsgreinar við lagadeild Háskólans í Reykjavík og m.a. átt sæti í réttarfarsnefnd.

Þegar niðurstöður dómnefndar um alla framangreinda matsþætti, sem varða reynslu þeirra af störfum og verkefnum á sviði lögfræði sem er til þess fallin að nýtast þeim í störfum landsréttardómara, eru dregnar saman og metnar heildstætt með hliðsjón af innbyrðis vægi þeirra telur dómnefndin þá *Eirík Elís* og *Eyvind* standa jafnt og öðrum umsækjendum nokkru framar.

Eins og fram kemur í kafla 6 er í 4. gr. reglna nr. 970/2020 m.a. vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að greina aðalatriði frá aukaatriðum. Enn fremur að hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma. Af dómsúrlausnum umsækjanda og eftir atvikum stefnum, greinargerðum og stjórnarsýsluúrskurðum er unnt að draga ályktanir um hversu vel hann þekkir til réttarreglna, þar með talið réttarfarsreglna svo og hæfni hans við að beita þeim lögum og öðrum réttarheimildum sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandi á með að reifa málsatvik og greina ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði. Það hversu vel umsækjandi hefur tileinkað sér þessi atriði má ætla að hafi mikið forspárgildi við mat á hæfni hans til að semja drög að atkvæðum í Landsrétti sem er mikilvægasta verkefni dómara réttarins. Í samræmi við þetta hefur dómnefndin skoðað dómsúrlausnir umsækjanda með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem greint er frá í kafla 6 og á þeim grundvelli lagt mat á færni hvers og eins umsækjanda til að semja dómsúrlausnir.

Það er niðurstaða dómnefndar að allir umsækjendur teljist hafa næga færni til að semja drög atkvæðum í Landsrétti. Dómnefnin telur ekki næga ástæðu til að gera upp á milli hæfni umsækjendanna *Arnaldar*, *Eiríks Elíss* og *Eyvindar* í þessum matsþætti

og standa þeir öðrum umsækjendum framur. Ekki eru efni til að gera upp á milli umsækjendanna *Daða* og *Hlyns* að þessu leyti.

Þegar allir framangreindir matsþættir eru virtir í heild er það mat dómnefndarinnar að þeir *Eiríkur Elís* og *Eyvindur* standi fremstir umsækjenda. Að þessari niðurstöðu fenginni telur dómnefndin ekki efni til að gera upp á milli annarra umsækjenda.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómnefndar að *Eiríkur Elís* og *Eyvindur* séu hæfastir umsækjenda til að gegna embætti setts dómara við Landsrétt.

Ályktarorð:

Með skírskotun til 2. mgr. 12. gr. laga nr. nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að *Eiríkur Elís Þorláksson* og *Eyvindur G. Gunnarsson* séu hæfastir umsækjenda til að hljóta setningu í embætti dómara við Landsrétt sem auglýst var laust til umsóknar 14. júní 2024.

Reykjavík, 10. september 2024



Sigurður Tómas Magnússon

Jóhannes Sigurðsson



Helga Melkorka Óttarsdóttir



Reimar Pétursson



Þorgeir Örlygsson